



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

MINNISBLAÐ

Dags. : 9. desember 2022

Efni : Strandgata 27, Akureyri, úttekt á ástandi hússins

Í umsögn Minjastofnunar Íslands til Akureyrarbæjar dags. 30. ágúst 2022, vegna umsóknar um niðurrif Strandgötu 27, fór Minjastofnun Íslands fram á að gera sjálfstæða úttekt á ástandi hússins áður en efnisleg afstaða yrði tekin til erindisins. Þann 23. nóvember 2022 fengu starfsmenn Minjastofnunar, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra, heimild til að skoða Strandgötu 27 og meta ástand hins friðaða húss að utan sem innan. Með í för var Stefán Jóhannesson byggingarmeistari sem hefur áralanga reynslu af viðgerðum á eldri timburhúsum á Akureyri og víðar.

Samkvæmt heimildum sem vísað er til í ritinu Oddeyri húsakönnun frá 1995 var húsið Strandgata 27 í upphafi sagt tvílyft með lágreistu, einhalla þaki. Um 1894 var veitt heimild til að hækka þak hússins og setja á það krossreist mænispak. Ummerki um upphaflegan þakhalla eru greinileg í veggjagrind 2. hæðar. Eins er rishæð hússins illa viðúð sem bendir til þess að henni hafi verið bætt við síðar. Þakvirki hússins er veikbyggt og þarf að endurbyggjast eða styrkjast.

Upphafleg veggjagrind hússins á 1. og 2. hæð er tiltöulega heilleg en þó þarf að bæta hana og styrkja á stöku stað eins og eðlilegt er í viðgerðum á eldri timburhúsum. Fótstykki eru víða fúin og þarf að endurnýja. Við endurgerð hússins er nauðsynlegt að hækka og styrkja undirstöður til samræmis við hækkun yfirborðs lóðar og aðliggjandi gatna í áranna rás.

Tvílyft útbygging á bakhlið (norðurhlið) hússins er að líkindum seinni tíma viðbót sem er bæði illa byggð og í slæmu ástandi. Óhjákvæmilegt er að fjarlægja hana og endurbyggja frá grunni, mögulega í breyttri eða stækkaðri mynd.

Í úttektarskýrslu Brynjólfs Árnasonar frá apríl 2020 sem fylgdi með erindi um niðurrif hússins er tilgreint að við endurbætur á vesturstafni hússins hafi vindvarnarpappi verið settur undir klæðningu án þess að hugað hafi verið að rakamótstöðu veggjarins að öðru leyti. Því sé veggurinn „mikið skemmdur undir“. Við vettvangsskoðun sáust engin ummerki um meintar skemmdir í tengslum við endurbætur á vesturstafni. Nýleg, ytri borðaklæðing er fest utan á renninga úr þunnum krossvið ofan á vindpappa sem er viðurkennd útfærsla í hönnun loftræstra útveggjklæðninga. Ekki verður séð að rangt hafi verið að viðgerðinni staðið eða útfærsla hennar hafi valdið skemmdum á húsinu. Þá eru nýir gluggar á vesturhliðinni vandaðir og smíði þeirra að öllu leyti í samræmi við leiðbeiningarrit húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar.

Viðgerð er ekki hafin á suðurhlið Strandgötu 27 og hluta norðurhliðar beggja vegna við útbygginguna. Borðaklæðning undir steinblikki á þessum hliðum er víða fúin og þarf að endurnýjast í heild sinni. Gluggar og hurðir eru í mjög slæmu ástandi og gerð þeirra er ekki með upphaflegu sniði.

Blikklæðing hefur verið fjarlægð af austurstafni hússins auk þess sem búið er að setja í nýja glugga með upphaflegu sniði. Pappaklæðning á útvegg er óvarin og hluta til hulin krossviðarplötum til bráðabirgða. Op eru á tveimur stöðum inn í húsið þar sem rignir og snjóar inn. Er það ámælisvert að hálfu húseiganda að gæta ekki betur að umhirðu hússins og forða frekari skemmdum.

Að mati Minjastofnunar er ástand hússins ekki það slæmt að það teljist með öllu ónýtt eða óviðgerðarhæft. Mörg dæmi eru um timburhús í sambærilegu eða verra ástandi en Strandgata 27 sem hafa verið gerð upp og endurnýjuð á vandaðan hátt. Mestu munar að grind hússins að undanskildu þaki og útbyggingu er tiltölulega heilleg. Unnt að styrkja grindina og skipta út efni þar sem skemmdir eru. Þær viðgerðir sem búið er að framkvæma á vesturstafni hússins eru vandaðar og gerðar af kunnáttumönnum um endurgerð gamalla timburhúsa. Þær vekja væntingar um að húsið í uppgerðri mynd geti orðið mikil bæjarprýði í götumyndum Strandgötu og Norðurgötu.

Ýmsir möguleikar eru á stækkun hússins í tengslum við endurbyggingu þess, m.a. til að auka nýtingu þess og þær heimildir til uppbyggingar sem heimild er fyrir í skipulagi. Á baklóðinni norðan við húsið er svigrúm til að reisa bakhús sem tengja mætti gamla húsinu með tengibyggingu, líkt og gert hefur verið við nokkur gömul hús í Innbæ Akureyrar. Einnig kæmi til greina að hliðra húsinu til á lóðinni og lengja það til austurs í ljósi þess að nauðsynlegt er að endurnýja undirstöður þess. Um skeið var einlyft bygging, Strandgata 27a (reist 1877) áföst við austurgafli hússins nr. 27. Vel færi á því að endurreisa hana í upphaflegri eða jafnvel lítillega stækkaðri mynd. Minjastofnun Íslands er jákvæð fyrir tillögum að nýtingu á lóðinni sem fela í sér að gamla húsið verði varðveitt og gert upp á vandaðan hátt með upphaflegum útlitseinkennum og það tengt mögulegum viðbyggingum á baklóð og við austurgafli.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,
Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags